

3. bekkur

Námsgrein: Tónmennt

Kennarar : Guðmundur Hermannsson

Tímafjöldi: 1 stund á viku allt skólaárið

Menntagildi námsgreinar skv. Aðalnámskrá grunnskóla:

Tónlist er snar þáttur í lífi og starfi manna hvar sem er í heiminum. Hún er leið til tjáskipta, oft án orða, sem einstaklingar fara til að tjá tilfinningar sínar, skoðanir og gildi. Tónlistin er nátengd daglegu lífi og fólk leitar á náðir hennar við flest þau tækifæri í lífi sínu sem það vill varðveita.

Í tónlistariðkun felst hlustun, sköpun og flutningur. Hún er ferli þar sem einstaklingar skapa merkingu með því að bregðast við og vinna úr tónum, hljóðum og þögn – með sjálfum sér eða í samstarfi. Tónlistariðkun krefst líkamlegrar samhæfingar, greinandi hugsunar og tilfinningatengsla. Þá hefur tónlistariðkun sterka félagslega tilvísun enda verið notuð í gegnum tíðina sem afl til sameiningar eða aðgreiningar meðal fólks.

Tónlist getur verið hluti skilgreindrar menningar eða sjálf skilgreinandi hluti menningar. Í síðara tilvikinu ræður ákveðin tónlistarstefna klæðaburði, framkomu og fleiru, sem myndar menningarheild. Tónlistarmenning vísar þannig til hvernig við tengjumst, notum, fremjum, semjum, og hugsum um tónlist.

Tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar – tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómunum, túlkun og formi – til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt.

Í ljósi þessa margbrotna eðlis tónlistarinnar er mikilvægt að tónlistin sé tengd öllu skólastarfi óháð námsgreinum. Þannig kynnast nemendur fjölbreyttri tónlist og tengingu hennar við líf og starf með ólíkri og lífandi nálgun.

Hæfniviðmið	Kennsluhættir
<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í hlustun, • tekið þátt í söng með samnemendum, • sungið í hóp þar sem hóparnir syngjast á, • tekið þátt í keðjusöng, • greint einföld stílbrigði í tónlist (t.d. íslenskt þjóðlög), rætt um tónlist út frá smekk og upplifun. 	<ul style="list-style-type: none"> • Hlustun, hljóðfærakynningar og umræður. Fá þá nemendur sem eru í Tónlistarskóla til að koma með hljóðfærin sem þau læra á til að sýna og kynna þau fyrir bekknum og síðan spila fyrir bekkinn. • Söngur, hlustun umræður og fyrirlestrar. Unnið í því að ná upp sönggleði. Lög valin m.a eftir árstíðum. Farið í texta og þeir útskýrðir, sagt frá höfundum lags og texta. • Greint einföld stílbrigði í tónlist (t.d. íslenskt þjóðlög), sagt frá barnaleikritum og barnaplötum sem hafa komið út um tíðina, s,s Kardimommubæ, Dýrin í Hálsaskógi, Hrekkjusvín, Olga Guðrún Árnadóttir, Mary Poppins, Fantasiu.
<p>Námsmat:</p> <p>Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið þar sem nemendum er leiðbeint í söng í annarri verkefnavinnu. Í lok skólaárs er lokamat skráð í Mentor.</p>	
<p>Námsefni:</p> <p>Tónmennt 2.-5. hefti. Það var lagið, ýmsar söngbækur og textar af internetinu auk ótal annars efnis af netinu og úr smiðju kennara</p>	